

# 08 Wood Tex 1

Flügger Wood Tex er vörulína með vatnsþynntum vörum til notkunar á við utanhúss. Vörurnar veita viðnum mjög veðurþolið og sérlega endingargott yfirborð, gljáa og litheldni. Vörurnar eru auðveldar í notkun og þornunartíminn er stuttur.



## Vörulýsing

Litlaus meðhöndlun sem vinnur með viðnum og gefur honum gulbrúnan/bleikan litatón sem breytist eftir 6–8 vikur í silfurgrátt, gagnsætt yfirborð þar sem aldurshringir og uppbygging viðarins eru sýnileg. Myndar varnarlag sem vinnur gegn myglu- og sveppagróðri á yfirborðsflötum og gefur góða eldtefjandi eiginleika. Notist sem formeðferð á undan endanlegri meðferð með Wood Tex Sealer – Yfirborðspéttir.

- Umhverfisvæn kísiltækni
- Eldtefjandi
- Hámarksending

## Notkunarmöguleikar

Gagnvörðum við í borð við palla, svalagólf, þakskyggni, gaffklæðningar, útveggi, girðingar og garðhúsgögn. Undirlagið þarf að vera nýtt eða alveg slípað.

## Undirlag

Undirlagið þarf að vera ídrægt, hreint, þurrt, þétt og henta til yfirmálunar. Forðast verður ófullnægjandi meðhöndlun á endaflekum, vatnsgilur eða staði þar sem vatn kann að safnast fyrir. Rakahlutfall í við í fyrir málun má að hámarki vera 20%. Nýr, fúavarinn viður skal þorna í 4–6 mánuði fyrir meðhöndlun.

## Meðhöndlun

Flagnandi eldri viðarvörn og trosnaðar viðartrefjar er fjarlægt með hreinsun og slípun. Óhreinindi, fita og smitandi efni skal fjarlægja með Flügger Terrasserens. Þörunga, myglu- og sveppagróður skal fjarlægja með því að hreinsa með Facade Anti-green. Lauk með Flügger 08 Wood Tex Sealer: eftir 4-6 tímar

## Notkun

Notið pensil eða rúllu. Berið tvær umferðir á með 1 klukkustundar þornunartíma á milli umferða og vinnið vel ofan í viðinn. Notið „blautt á blautt“-aðferð og fjarlægið vandlega umframvökva. Gránunin verður ójöfn ef sól og regn nær ekki öllu yfirborði flatarins. Hægt er að nota viðarvörnina á þeim svæðum en gránunin tekur lengri tíma. Forðast verður alla rakapéttingu. Forðist að vinna í beinu sólarljósi. Yfirborðið má ekki komast í snertingu við frost eða rigningu í sólarhring eftir að meðferðinni er lokið.

# Væntanleg útkoma

Silfurgrátt og gagnsætt yfirborð.

Yfirborðsþolið fer eftir gæðum viðarins, byggingu viðarins, aðferðum við meðhöndlun og váhrifum.

Notist sem formeðferð á undan endanlegri meðferð með Wood Tex Sealer.

## Athugið!

Verjið nýlega málað yfirborð gegn óhagstæðu veðri.

Gerði viðeigandi ráðstafanir til að verjast áhrifum raka og rigningu á nýlega málað yfirborð.

Yfirborðið nær hámarksstyrk þegar það er fullharðnað.

## Umhverfisupplýsingar

Fjarlægð sem mesta málningu af verkfærunum og þrífð þau svo með vatni. Hellið ekki leifum af fljótandi málningu í niðurföll heldur farið með leifarnar á næstu endurvinnslustöð. Lágmarkið leifar og sorp eftir málun með því að reikna út nauðsynlegt magn áður en verkið hefst. Geymið umframmálningu með réttum hætti til að hægt sé að nota leifar síðar og lágmarka þannig umhverfisáhrif.

**Geymsla:** Á svölum, frostlausum stað og vel lokað

## Tæknilegar upplýsingar

Vara	Gegndreypping
Eðlisþyngd (kg/l)	1.0
Efnisnotkun (m <sup>2</sup> /ltr.)	10
[wetgoodTDSCoverageLong]	12
[wetgoodTDSCoverageShort]	8
Lágm. vinnuhitastig við notkun og þornun/hörðun	Min. +10°C
Loftraki	Hámarks loftraki 80% RH.
Þurrktími við 20°C, 60% RH (Tímar)	1
Þynning	Má ekki þynna
Þrif á verkfærum o.s.frv.	Vatn

### Núverandi TDS útgáfa

desember 2021

### Í staðinn fyrir TDS útgáfu

nóvember 2021